

1872.

27. janúar.

til að víkja yfirdómara Benidikt Sveinssyni frá embætti, og að til-
taka, hve mikil eptirlaun skyldi veita honum. Konungsfulltrúi lagði
því til, að frumvarpið yrði óbreytt gjört að lögum, án þess að
uppástungur alþingis yrði teknar til greina.

Þareð dómsmálastjórnin varð að vera konungsfulltrúa sam-
dóma í þessu, lagði hún til í þegnlegri skýrslu sinni um frum-
varpið, að það yrði óbreytt gjört að lögum.

7. Auglýsing, er birtir á Íslandi lög, 11. febrúar
1871, um ríkisstjórn, þegar svo stendur á, að
konungur ekki er orðinn fulltíða, eða er sjúkur
eða fjærverandi, og konunglega auglýsing, 18.
nóvbr. 1871, um það, að ríkisstjórn skuli falin á
hendur ríkisarfanum í fjærvist konungs. (á Íslenzku
og Dönsku).

27. janúar.

Hans hátígn konungurinn hefir 11. dag febrúarmánaðar 1871
staðfest svolátandi

L ö g

um ríkisstjórn, þegar svo stendur á, að konungur ekki er orðinn
fulltíða, eða er sjúkur eða fjærverandi:

Vér Christian hinn Níundi, o. s. frv. Gjörum
kunnugt: Ríkisþingið hefir fallið á lög þessi og Vér staðfest
þau með samþykki Voru:

1. grein.

Ef konungur sá, sem að völdum situr, sökum sjúkleika eða
fjærvistar getur ekki sjálfur haft ríkisstjórn á hendi, felur hann
hana ríkisarfanum á hendur, ef hann er orðinn fulltíða, og sè
hann viðstaddur, og sjúkleiki bægi honum ekki; að öðrum kosti
skipar konungur ríkisstjóra.

Ef konungur er ekki sjálfur fær um, að gjöra ákvarðanir
þær, sem með þarf, um ríkisstjórn, þegar svo stendur á, sem
getið er að framan, eða hann ferðast utan, án þess að hafa skipað
fyrir um þetta, skal ríkisráðið tafarlaust stefna ríkisþinginu saman.

1872.

27. janúar.

Þegar þingið á sameinuðum fundi þá viðurkennir, að nauðsyn beri til þess, tekur ríkisarfi við ríkisstjórn, ef hann er orðinn fulltíða, sè hann viðstaddur, og sjúkleiki bægi honum ekki; að öðrum kosti kýs kið sameinaða ríkisþing ríkisstjóra. Til þess að kosning sè gild, útheimtis, að sá, sem kosinn er, hafi fengið yfir helming atkvæða þeirra, sem greidd eru. Fáir enginn svo mörg atkvæði við fyrstu kosning, skal kjósa á ný óbundnum kosningum, og ef þá heldur enginn fær yfir helming atkvæða, skal fram fara bundin kosning milli þeirra tveggja, sem hafa fengið flest atkvæði.

Sè ríkisstjórn, þegar svo á stendur, sem getið er að framan, falin á hendur öðrum, en ríkisarfanum, tekur hann samt við stjórninni, ef þær orsakir, er hafa verið því til fyrirstöðu, að hann tækist stjórnina á hendur, seinna hverfa. Ef ríkisráðið er í nokkrum efa um þetta, skal það tafarlaust stefna saman ríkisþinginu, sem þá sker úr málinu á sameinuðum fundi.

2. grein.

Sè ástæða til að óttast, að ríkisarfi muni eigi verða orðinn fulltíða, þá er konungur andast, eða annara orsaka vegna ekki verða fær um, að taka við ríkisstjórninni þegar í stað, gjörir konungur með samþykki ríkisþingsins ákvörðun um, að ríkisstjóri takist á hendur ríkisstjórn. Deyi konungur, án þess að ákveðið sè um þetta, skal ríkisráðið tafarlaust stefna saman ríkisþinginu, og skal það á sameinuðum fundi kjósa ríkisstjóra, eptir því, sem fyrir er mælt í 1. grein.

3. grein.

Nú deyr konungur, sem ekki er fulltíða, og annar konungur, sem heldur ekki er orðinn fulltíða, kemst til ríkis, og skal þá ríkisstjóri sá, sem í nafni hins látna konungs hefir haft stjórn á hendi, halda henni áfram einnig í nafni hins nýja konungs.

4. grein.

Standi svo á við andlát konungs, að ríkisarfinn sè erlendis, stefnir ríkisráðið ríkisþinginu saman; skal þingið setja frest, nær hann skuli vera kominn heim aptur til þess að taka við stjórninni, og skal það jafnframt ákveða, hvort ríkisráðið ámeðan skuli hafa ríkisstjórn á hendi, eða hvort skipa skuli ríkisstjóra.

5. grein.

Ríkisstjóri skal vera prinz, sem er fulltíða og arfgengur til ríkis, eða maður, sem er kominn til lögaldurs, og hefir rétt innborinna manna í Danmörku; svo skal hann einnig vera evangelisk-lúterskrar trúar.

6. grein.

Enginn getur tekið við stjórninni sem ríkisstjóri, nema hann áður hafi svarið eið þann, sem fyrir er mælt um í 7. grein grundvallarlaganna.

7. grein.

Ámeðan ríkisstjóri hefir ríkisstjórn á hendi, gengur hann í stað konungs í stjórnarlegu tilliti. Hann framkvæmir konungs vald, og er ábyrgðarlaus eins og konungurinn; ráðgjafarnir hafa stjórnarábyrgðina.

8. grein.

Ef ríkisstjóri getur ekki eða vill ekki taka við stjórninni, eða hann deyr eða verður ófær til, að hafa stjórnina á hendi, eða hann æskir að fara frá, skal ríkisráðið tafarlaust stefna saman ríkisþinginu, og gjörir það á sameinuðum fundi ákvörðun um kosningu annars ríkisstjóra.

9. grein.

Ríkisráðið skal ávallt hafa stjórn á hendi um stundar sakir, þegar svo stendur á, að ríkisstjóri ekki tekur við henni þegar í stað, eða seinna fer frá.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr að hegða.

Gefið á Amaliuhöll, 11. dag febrm. 1871.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

L. gr. Holstein.

Sankvæmt áður greindum lögum hefir hans hátign konungurinn 18. nóvbr. 1871 gefið út svo látandi

1872.

27. janúar.

1872.

27. janúar.

Konunglega Auglýsing

um það, að ríkisstjórn skuli falin á hendur ríkisarfa í fjærvist konungs:

Vér Christian hinn Níundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Þareð Vér höfum í hyggju að ferðast til útlanda, viljum Vér samkvæmt 1. grein í lögum, 11. febr. þ. á., um ríkisstjórn, þegar svo stendur á, að konungur ekki er orðinn fulltíða, eða er sjúkur eða fjærverandi, að ríkisstjórn í fjærvist Vorri sé falin á hendur ríkisarfnum.

Því birtum Vér hërmeð Vorum kærnu og trúu þegnum, að sonur Vor elskulegur, hans konunglega tign, krónprinz Christian Frederik Vilhelm Carl, tekur við ríkisstjórn í Voru nafni, frá 21. þ. m. þangað til Vér komum heim aptur.

Gefð á Amalíuhöll, 18. dag nóvbrn. 1871.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

L. gr. Holstein.

Þetta skal hërmeð kunngjört öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í fyrirsæti ráðgjafanna 27. dag janúarm. 1872.

L. gr. Holstein.

27. janúar. 8. Bréf dómsmálastjórnarinnar til fangelsis-stjórnarinnar, um lausn betrunarhússfanga.

Eptir að hingað hafði borizt bréf fangelsis-stjórnarinnar, dagsett 23. þ. m., er samkvæmt þegnlegum tillögum dómsmálastjórnarinnar 27. s. m. allramildilegast fallizt á:

að fanganum Jóhannesi Bjarnasyni af Íslandi, sem situr í hegningarhúsinu á *Vridslöselille*, verði gefið svo mikið upp af betrunarhússvinnu þeirri í 5 ár, sem hann var dæmdur í með dómi hæstaréttar 6. nóvbr. 1866 fyrir hrossa- og sauðapjófnad, að